

# Samningur

**mennta- og menningarmálaráðuneytis**

**við Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn  
um ráðstöfun styrktarframlags 2016 til Stóru upplestrarkeppninnar í 7.  
bekk grunnskóla og Litlu upplestrarkeppninnar í 4. bekk grunnskóla.**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn kt. 460704-3080 í samningi þessum nefnt Raddir, gera með sér svofelldan samning.

## **1. Markmið og starfsemi**

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk grunnskóla er 20 ára um þessar mundir. Verkefnið hófst haustið 1996 í Hafnarfirði og frá árinu 2001 hafa nær allir nemendur í 7. bekk tekið þátt í því. Litla upplestrarkeppnin fyrir 4. bekk grunnskóla hófst árið 2010 í Hafnarfirði og hefur verið í þróun undanfarin ár.

Stóra upplestrarkeppnin hefur undanfarin ár notið stuðnings m.a. frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Félagi íslenskra bókaútgáfenda, Flugfélagi Íslands, Mjólkursamsölnni, Barnavinafélaginu Sumargjöf, sveitarfélögum og bankastofnunum.

Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Stuðla að aukinni lestrarfærni og framsögn barna og unglings í samræmi við markmið Hvítbókar um umbætur í menntun.
- Tryggja rekstrargrundvöll Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögnog framhald Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk grunnskóla sem hófst haustið 1996. Einnig að halda áfram þróun Litlu upplestrarkeppninnar í 4. bekk.

### **1.1. Sérstök markmið með samningnum**

- Að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði.
- Að kennrar leggi markvissa rækt við vandaðan upplestur og framsögn með nemendum.
- Að fá alla nemendur til að lesa upphátt, sjálfum sér og öðrum til ánægju.
- Auka lestrarfærni og læsi ungs fólks á Íslandi.
- Virkja foreldra í að styðja við læsi barna sinna, upplestur og framburð.
- Auka samstarf heimila og skóla um lestur.
- Gera upplýsingar og kynningarefni um læsi, vandaðan upplestur og framsögn aðgengilegt á heimasíðu samtakanna og með öðrum tiltækum hætti.



## **2. Forsendur samnings og lagaheimildir**

- 2.1. Framlag ráðuneytisins til samnings þessa ræðst af heimildum mennta- og menningarmálaráðuneytis í fjárlögum og er það 4 m.kr. árið 2016.
- 2.2. Raddir starfa samkvæmt lögum samtkanna sem samþykkt voru 23. júní 2004.

## **3. Ábyrgð**

- 3.1. Raddir bera ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Raddir geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Raddir bera ábyrgð á skuldbindingum sem samtökin eða aðilar á þeirra vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Röddum er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

## **4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála**

- 4.1. Ráðuneytið greiðir framlag í tveimur jöfnum hlutum, 15. júní og 15. desember. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Radda, reikningsnúmer: 0140-15-380713.
- 4.2. Raddir skila ráðuneytinu:
  - 4.2.1. Áætlun um rekstur og efnahag ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að.
  - 4.2.2. Ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok júní og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 4.3. Eigi Raddir í viðskiptum við lögaðila sem samtökin eiga eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þeirra, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

## **5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna**

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fyrir lok hvert skila Raddir ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefnisins er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.3. Raddir skila ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.4. Raddir veita ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.5. Samning þennan, ársreikning Radda, greinargerð um framkvæmd samnings skal birta á vef Radda jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.6. Raddir setja á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfsemi þeirra, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlunar.


## **6. Vanefndir og meðferð ágreinings**

- 6.1. Raddir tilkynna ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að samtökin geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem samtökin hyggjast grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Raddir ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


## **7. Gildistími og lok samnings**

- 7.1. Samningurinn gildir til ársloka 2016.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Gert er ráð fyrir að haustið 2016 muni samningsaðilar semja um áframhald til nokkurra ára að gildistíma samningsins loknum, í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 12. maí 2016



Mennta- og menningarmálaráðherra



Ingibjörg Þórðardóttir  
F.h. Radda, samtaka um vandaðan  
upplestur og framsögn